

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884. (Þingskj. 169).

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum í fyrstu málsgrein: »fjórðu hlutum kostnaðarins« komi: Sé jörðin þjóðeign, svarar umboðssjóður til húsabóta en kirkjujarðasjóður á kirkjujörðum.
2. Við 6. gr. Í staðinn fyrir málsliðina: »Ef engjum . . . . . er gera skiftin« komi:

Ef tveir eða fleiri ábúendur eiga saman til afnota engi eða slægjur í bithaga, getur hver þeirra um sig krafist skifta á þeim til slægna. Sama er og um þann hluta bithaga, sem taka á til ræktunar, enda sé hann í sambengi við tún jarðarinnar eða girtur gripaheldri girðing. Einnig getur ábúandi krafist skifta á sameiginlegu beitolandi gegn því, að hann girði landið innan tveggja ára. Til skifta þessara skal sýslumaður dómkveðja tvo menn óvilhalla.